

FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR GILDIS-LÍFEYRISSJÓÐS 2018

Haldinn að Grand Hótel Reykjavík
fimmtudaginn 12. apríl 2018 kl. 17:00

Dagskrá ársfundar:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings, fjárfestingarstefnu og tryggingafræðilegrar úttektar.
3. Tillögur til breytinga á samþykktum.
4. Kosning / skipan stjórnar.
5. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
6. Kjör endurskoðanda.
7. Önnur mál.

Fundarsetning

Gylfi Gíslason stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gylfi gerði tillögu um Magnús M. Norðdahl hrl. sem fundarstjóra og var það samþykkt.

Magnús M. Norðdahl tók við fundarstjórn. Magnús upplýsti að hann hefði kannað boðun fundarins og áskildar auglýsingar og spurði síðan fundarmenn hvort einhverjar athugasemdir væru við lögmæti hans. Engar athugasemdir voru gerðar og úrskurðaði hann fundinn löglegan þar sem rétt hefði verið til hans boðað. Magnús gerði tillögu um Árna Hrafn Gunnarsson sem fundarritara sem var samþykkt. Magnús gekk því næst til dagskrár og gaf Gylfa Gíslasyni formanni stjórnar orðið til þess að flytja skýrslu stjórnar.

1. Skýrsla stjórnar.

Gylfi Gíslason stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar.

Gylfi nefndi m.a. að ávöxtun fjármuna sjóðsins hafi gengið vel. Ávöxtun samtryggingardeildar var 7,7% sem þýðir að hrein ávöxtun að teknu tilliti til verðbólgu nam 5,8%. Afkoman skýrist einkum af góðri ávöxtun erlendra hlutabréfa og innlendra skuldabréfa. Meðalraunávöxtun sjóðsins síðustu 5 ár nemur 5,4%. Það þýðir að rekstur sjóðsins síðustu ár hefur almennt gengið vel. Hrein eign sjóðsins hækkaði um tæpa 46 milljarða, úr tæplega 472 milljörðum í rúma 517 milljarða. Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð um 1,5% í árlok, samanborið við 2,7% árið áður.

Þá fjallaði Gylfi einnig um erlendar fjárfestingar sjóðsins, aukna áherslu á upplýsingastreymi og gagnsæi undanfarin ár, auknar lánveitingar til sjóðfélaga, áherslur á árinu varðandi hluthafastefnu, stefnu um ábyrgar fjárfestingar, jöfnun lífeyrisréttinda og örorkulífeyri. Ræða Gylfa á fundinum verður gerð aðgengileg á heimasíðu sjóðsins.

Fundarstjóri lagði til að opnað yrði fyrir umræður eftir fyrstu tvö dagskrárliði og var það samþykkt. Árni Guðmundsson fékk þessu næst orðið.

2. Kynning ársreiknings, fjárfestingarstefnu og tryggingafræðilegrar úttektar.

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins, fjárfestingarstefnu og tryggingafræðilegri úttekt. Helstu atriði erindis hans koma fram í kynningu sem gerð verður aðgengileg á heimasíðu sjóðsins.

Árni fór meðal annars yfir breytingar á hreinni eign Gildis á árinu 2017, þróun markaða, ávöxtun samtryggingardeildar á árinu 2017 og einnig síðustu 5 og 10 ár. Farið var yfir fjölda sjóðfélaga sem eiga réttindi hjá sjóðnum og fjölda greiðandi sjóðfélaga, lífeyrisgreiðslur og fjölda lífeyrisþega eftir tegundum lífeyris. Varðandi fjárfestingar var farið yfir nettó kaup samtryggingardeildar í einstökum eignaflokkum og nafnávöxtun eignaflokka ásamt 10 ára yfirliti yfir ávöxtun, yfirlit verðbréfaeignar í árslok eftir eignaflokkum og fjölda og fjárhæð nýrra sjóðfélagalána á síðasta ári og undanfarin ár, en umfang sjóðfélagalána var mest síðastliðið ár bæði í fjölda og fjárhæð. Farið var yfir tryggingafræðilega stöðu og þróun hennar undangengin ár. Jafnframt farið yfir helstu atriði fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2018. Varðandi séreignardeildir var farið yfir ávöxtun einstakra deilda og fjárfestingarstefnu fyrir árið 2018. Að lokum var farið yfir helstu tölur úr ársreikningi sjóðsins fyrir rekstrarárið 2017, þ.m.t. iðgjöld, lífeyrisgreiðslur, tekjur, rekstrarkostnað, efnahagsreikning og sjóðsstreymi.

Fundarstjóri opnaði þessu næst mælendaskrá um þessa tvo dagskrárliði og bað þá sem vildu taka til máls að láta sig vita.

Halldór Benjamín Þorbergsson tók til máls. Þakkaði Halldór stjórnarmönnum og starfsmönnum fyrir vel unnin störf á árinu. Tók hann fram að ársskýrsla sjóðsins gæfi glögga mynd af starfsemi sjóðsins ásamt kynningu á helstu niðurstöðum ársins. Hvatti hann sjóðfélaga, fulltrúa launamanna og atvinnurekenda til virkrar þátttöku í ársfundi sjóðsins og hvatti til þess að vel væri almennt mætt á ársfundi sjóðsins.

Þorbjörg Kristjánsdóttir fékk orðið. Óskaði hún eftir upplýsingum um tap af fjárfestingum í skammtíma erlendum sjóðum. Gerði hún jafnframt athugasemd við að ekki væri jafnara hlutfall meðal karla og kvenna hjá þeim sem sætu á háborði. Þá taldi hún stjórnarlausn hafa hækkað mikið milli ára og óskaði skýringa á því.

Örn Pálsson fékk orðið. Vakti hann athygli á því að kostnaður við umsýslu eigna, bæði erlendra og innlendra, hafi numið 1.350 milljónum króna síðastliðið ár. Þessi kostnaður væri hærri varðandi innlendar fjárfestingar heldur en hjá LSR.

Þorfinnur Kristjánsson tók til máls. Gat hann þess að hann hefði náð ellilífeyrisaldri á síðasta ári. Hann hafi unnið í 20 ár sem bátismaður hjá Eimskip en það hafi skilað lágum lífeyrisréttindum frá sjóðnum. Þetta væri útkoman þrátt fyrir að hafa varið bestu æviárum sínum við þessi störf. Gat hann þess að ekki hafi tekist að ná tali af framkvæmdastjóra vegna þessa. Þess utan leiddu þessi réttindi til skerðinga af hálfu ríkisins sem væri ekkert annað en rán.

Árni Guðmundsson var til svara. Varðandi spurningu Þorbjargar um erlenda skammtímasjóði gat hann þess að tapið stafaði af styrkingu íslensku krónunnar. Varðandi kynjaskiptingu tók Árni undir sjónarmiðið. Skýringu á hækun stjórnarlausna væri bæði að leita í almennar launahækkningar og einnig þá breyttu framkvæmd sem samþykkt var á síðasta ársfundi að greidd eru full stjórnarlausn fyrir aukafundi stjórnar.

*Mmm
Allt*

Hvað varðar spurningu Arnar um rekstrarkostnað gat Árni þess að almennt væri talað um rekstrarkostnað sem kostnað við almennan rekstur sjóðsins. Gera þurfi grein fyrir fjárfestingargjöldum en hafa beri í huga í því samhengi að eignasafn sjóðsins er umfangsmikið og slíku eignasafni fylgi óhjákvæmilega kostnaður við umsýslu.

Árni tók undir með Þorfinni að ekki væru um há réttindi að ræða. Honum hafi ekki borist fyrirspurn vegna þessa og þekkti því ekki þær forsendur sem liggja þarna að baki, en réttindi í sjóðnum miðast við iðgjöld sem greidd eru til hans.

Ekki kváðu fleiri sér hljóðs og fundarstjóri gekk til næsta dagskrárliðar.

3. Tillögur til breytinga á samþykktum.

Fundarstjóri fór yfir fyrirbyggjandi tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins. Árni Guðmundsson fór nánar yfir tillögurnar og greinargerð með þeim sem lá fyrir fundinum.

Tillaga til breytinga á gr. 3.2.:

Greinin orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

3.2. Aðildarsamtök sjóðsins af hálfu launamanna eru Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, Efling- stéttarfélag, ~~Farmanna og fiskimannasamband Íslands~~, Félag hársnyrtisveina, Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði, Félag skipstjórnarmanna, Sjómannafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands, Sjómann- og vélstjórafélag Grindavíkur, VM – Félag vélstjóra og málmþeknimanna, Verkalýðsfélagið Hlíf og Verkalýðsfélag Vestfirðinga, en Samtök atvinnulífsins af hálfu atvinnurekenda.

Tillaga til breytinga á 5. tölulið gr. 5.5.:

5. töluliður orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

Kosning stjórnar og varamanna. Fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði skulu kjósa tvo aðalmenn og einn ~~tvö varamann~~ ~~varamenn~~ í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilkynna um kjör stjórnar Samtaka atvinnulífsins á tveimur aðalmönnum og einum varamanni í stjórn. Gert skal hlé á fundi meðan kosning skv. þessum lið fer fram.

Tillaga til breytinga á gr. 11.1. og 11.2. (frestun lífeyris til 80 ára aldurs):

Greinin orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

11.1. Sjóðfélagi á aldrinum 60 til 80 ~~70~~ ára, sem á réttindi í sjóðnum skv. 10. grein, á rétt á ævilöngum ellilífeyri. Sjóðfélagi sem hefur töku ellilífeyris 67 ára gamall fær réttindi samkvæmt töflu I.

11.2. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 67 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu III fyrir hvern mánuð sem líður frá 67 ára aldri þar til taka lífeyris hefst. Hækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins. Þannig getur sjóðfélagi frestað töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun mánaðarlegra ellilífeyrisgreiðslna.

Tillaga til breytinga á gr. 11.6. (hálfur ellilífeyrir):

Lagt er til að gr. 11.6 verði breytt í heild sinni með þeim hætti að núgildandi texti verði felldur út (yfirstrikað) og ákvæðið verði svohljóðandi í heild eftir breytingar (undirstrikaður texti):

MMW
ALLG

11.6. Sjóðfélagi getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna sbr. gr. 11.4. Sjóðfélagi sem hafið hefur töku ellilífeyris að hluta eða fullu getur frestað töku lífeyris og fer þá um áhrif frestunar á lífeyrisrétt hans eftir reiknireglu í töflu IV í viðauka A, sbr. gr. 11.3. og 11.5. Þannig að réttur til mánaðarlegs lífeyris aukist sem nemur áhrifum frestunar á verðmæti réttinda hans. Frestun endurvekur ekki rétt til framreiknings örorkulífeyris sem ráðstafað hefur verið skv. gr. 11.4. Sjóðfélagi er bundinn við val sitt um töku ellilífeyris í minnst 12 mánuði í senn.

11.6. Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku hálfis ellilífeyris hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna endanlega, sbr. grein 11.4. Grein 11.3 skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 67 ára aldur. Grein 11.2 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 67 ára aldri er náð.

Sjóðfélagi sem hafið hefur töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki gr. 11.2 og 11.3. Slík ráðstöfun endurvekur ekki rétt til örorkulífeyris sem ráðstafað hefur verið skv. gr. 11.4.

Breytingar sem leiða af breytingum á gr. 11.1., 11.2., og 11.6. – Töflur í viðauka A og tilvísanir í gr. 11.5.:

Vegna breytinga sem tengjast rétti til töku á hálfum ellilífeyri og frestun til 80 ára aldurs, verði þær tillögur samþykktar, þarf að breyta töflum í viðauka A með samþykktum sjóðsins. Um er að ræða nýjar töflur III og IV sem koma í stað taflna III og V í núgildandi samþykktum, núgildandi tafla IV fellur úr gildi. Samþykki á breytingum á gr. 11.1., 11.2. og 11.6. felur í sér samþykki þessum breytingum.

Tafla III sýnir hækkun ellilífeyris vegna áunninna réttinda þegar taka hefst eftir 67 ára aldur og verður svohljóðandi:

TAFLA III Hækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst eftir 67 ára aldur

Taka ellilífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals hækkun
67-68 ára	0,62%	68	7,44%
68-69 ára	0,69%	69	15,72%
69-70 ára	0,78%	70	25,08%
70-71 ára	0,88%	71	35,64%
71-72 ára	1,00%	72	47,64%
72-73 ára	1,15%	73	61,44%
73-74 ára	1,32%	74	77,28%
74-75 ára	1,53%	75	95,64%
75-76 ára	1,78%	76	117,00%
76-77 ára	2,09%	77	142,08%
77-78 ára	2,47%	78	171,72%
78-79 ára	2,94%	79	207,00%
79-80 ára	3,54%	80	249,48%

MMW
Allg

Tafla IV sýnir árleg ellilífeyrisréttindi fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er frá 67 til 69 ára aldurs og hækkun þegar töku er frestað og verður svohljóðandi:

TAFLA IV Árleg ellilífeyrisréttindi fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er á hverju aldursári frá 67 til 69 ára og hækkun vegna innvinnsluársins þegar töku ellilífeyris er frestað

Réttindi skv. töflunni miða við töku lífeyris í lok ársins	Aldur á innvinnsluári		
	67	68	69
Lífeyrisréttindi	755	782	810
Hækkun á mánuði fyrsta árið	0,64%	0,66%	0,69%
Samtals hækkun 68 ára	0,00%	0,00%	0,00%
Samtals hækkun 69 ára	7,68%	0,00%	0,00%
Samtals hækkun 70 ára	16,32%	7,92%	0,00%
Samtals hækkun 71 ára	26,04%	16,92%	8,28%
Samtals hækkun 72 ára	37,20%	27,12%	17,64%
Samtals hækkun 73 ára	49,92%	38,88%	28,44%
Samtals hækkun 74 ára	64,56%	52,32%	40,80%
Samtals hækkun 75 ára	81,48%	67,92%	55,08%
Samtals hækkun 76 ára	101,16%	86,04%	71,76%
Samtals hækkun 77 ára	124,32%	107,40%	91,32%
Samtals hækkun 78 ára	151,68%	132,60%	114,48%
Samtals hækkun 79 ára	184,32%	162,60%	142,08%
Samtals hækkun 80 ára	223,56%	198,72%	175,32%

Grein 11.5. breytist þannig að í stað tilvísunar í töflu V á tveimur stöðum í greininni verða tilvísanir í töflu IV.

Allar framangreindar breytingar, verði þær samþykktar, öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að staðfesting fjármála- og efnahagsráðuneytis liggur fyrir.

Fundarstjóri lagði til að tillögurnar yrðu teknar til afgreiðslu í þrennu lagi. Í fyrsta lagi tillögur varðandi breytingar á aðildarfélögum. Í öðru lagi varðandi breytingu á texta um kjör varamanna og í þriðja lagi varðandi breytingar á hálfum lífeyri og frestun lífeyris til 80 ára aldurs. Fram kom ósk um það úr sal að tillögur um hálfan lífeyri og frestun lífeyris yrðu afgreiddar sitt í hvoru lagi. Ekki voru andmæli við að afgreiða þær tillögur sitt í hvoru lagi og taldi tryggingastærðfræðingur sjóðsins, sem var í sal, tillögurnar geta staðið sjálfstætt ef það yrði niðurstaða fundarins.

Orðið var gefið laust um framlagðar tillögur.

Heimir Pálmason fékk orðið. Hann taldi það ekki til eftirbreytni að fylgja Tryggingastofnun varðandi heimild til frestunar lífeyris til allt að 80 ára aldurs og velti því fyrir sér hvort fyrirliggjandi væru nýjar upplýsingar um lífslíkur. Það væri ansi stutt eftir af ævi fólks ef heimilað væri að fresta lífeyri svo lengi. Hann óttaðist að fólk myndi halda að það væri eilíft og myndi því fresta töku lífeyris of lengi. Lagði hann því til að tillagan varðandi heimild til frestunar lífeyris yrði felld.

Hannes G. Sigurðsson fékk orðið. Gat hann þess að hann hafi tekið þátt í nefndarstarfi tengdu endurskoðun á lögum um almannatryggingar. Fyrirliggjandi tillögur um breytingar tengjast

*MMW
Allg*

sjónarmiðum um að auka sveigjanleika í lífeyriskerfinu þar sem ekki væri endilega ein regla sem henti öllum. Talan 80 ára hafi þarna orðið fyrir valinu þrátt fyrir að ólíklegt væri að fólk myndi fresta töku lífeyris svo lengi. Þessi sveigjanleiki getur verið raunhæfur fyrir fólk sem vill draga úr starfshlutfalli þegar komið er nálægt 70. aldursári og unnið hlutastarf eða hluta úr ári og þannig tryggt sér framfærslu með hálfum atvinnutekjum og hálfum lífeyri. Um er að ræða aukið valfrelsi og þess freistað að koma til móts við mismunandi þarfir. Í sjálfu sér væri ekki ástæða til þess að óttast þessar breytingar því þetta væri hugsað til þess að bæta réttindi sjóðfélaga.

Árni Guðmundsson fékk orðið og áréttaði að um valkost væri að ræða fyrir sjóðfélaga og enginn bundinn af því að nýta sér úrræðið. Þessi valkostur gerði sjóðfélögum kleift að nýta sér hálfan lífeyri á grundvelli reglna Tryggingastofnunar með frestun lífeyristöku umfram 70 ára aldur.

Athugasemd barst úr sal um það að eftir 75 ára aldur hefðu sjóðfélagar ekkert að gera við þetta og því ætti úrræðið að miðast við það.

Heimir Pálmason fékk orðið. Minntist hann tilviks þar sem fyrrum starfsmaður Eimskipafélagsins hafði gleymt að sækja um lífeyri. Gat viðkomandi þá fengið hann greiddan tvö ár aftur í tímann en hitt var tapað og náði viðkomandi því ekki öllum árunum. Vildi hann fá upplýsingar um hvað gerðist þegar fólk gleymir að sækja um lífeyri.

Árni Guðmundsson var til svara. Rétt væri að sjóðurinn greiddi tvö ár aftur í tímann þegar svona ber undir. Á móti kemur er jafnframt til staðar ákvæði um hækkun lífeyrisréttinda, sem felur það í sér að viðkomandi fær jafnvirði réttinda í formi hærri lífeyris þegar sótt er um hann.

Ekki kváðu fleiri sér hljóðs. Fundarstjóri gekk því næst til atkvæðagreiðslu.

Breyting á gr. 3.2. Tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Breyting á gr. 5.5. Tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Breytingar á gr. 11.1. og 11.2. Tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn sex.

Breyting á gr. 11.6. Tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Breyting á töflum og tilvísunum í samþykktum sem leiða af breytingum á gr. 11.1., 11.2. og 11.6. Tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

4. Kosning / skipan stjórnar.

Tekin var fyrir tillaga kjörnefndar launafólks um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna:

Til tveggja ára, til ársfundar 2020:

Aðalmenn: **Guðmundur Ragnarsson**
Margrét Birkisdóttir

*MMW
ALG*

Til eins árs, til ársfundar 2019:

Varamaður: **Ingibjörg Ólafsdóttir**

Fundarstjóri spurði hvort gerðar væru aðrar tillögur og benti á að aðeins fulltrúar launamanna hefðu atkvæðisrétt um þessa tillögu. Ekki komu fleiri tillögur fram. Framlögð tillaga kjörnefndar var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir skipun Samtaka atvinnulífsins á fulltrúum í stjórn til tveggja ára, til ársfundar 2020, en skv. samþykktum sjóðsins er ekki um það kosið á ársfundi:

Aðalmenn: **Áslaug Hulda Jónsdóttir**
Sverrir Sverrisson

Varamenn: **Hannes G. Sigurðsson**

5. Ákvörðun launa stjórnarmanna.

Fundarstjóri gerði grein fyrir framlagðri tillögu um laun stjórnarmanna þess efnis að mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 119.877, laun formanns verði tvöföld eða kr. 239.754 og laun varaformanns verði kr. 179.815. Stjórnarlaun miðist við einn fund í mánuði. Ef stjórnarfundir séu fleiri skuli greiða aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund. Varamaður fái greidd laun aðalmanns, kr. 119.877, fyrir hvern setinn stjórnarfund. Fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirliti verði greidd ein mánaðarlaun stjórnarmanns.

Orðið var gefið laust. **Örn Pálsson** spurði hver væri hlutfallsleg hækkun stjórnarlauna milli ára. Upplýst var að hækkun næmi 4,5% milli ára.

Fundarstjóri bar tillöguna upp og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.

6. Kjör endurskoðanda.

Fundarstjóri gerði grein fyrir framlagðri tillögu um að endurskoðandi sjóðsins verði Deloitte ehf., Smáratorgi 3, Kópavogi.

Fundarstjóri leitaði eftir öðrum tillögum sem ekki komu fram. Framlögð tillaga var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál.

- a. Ályktunartillaga Arnar Pálssonar um launakjör forstjóra ákveðinna fyrirtækja

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi ályktunartillögu Arnar Pálssonar, sem barst innan tilskilinna fresta:

„Ársfundur Gildis lífeyrissjóðs 2018 samþykkir að á næstu stjórnarfundum Haga, N1 og Eimskips muni fulltrúi Gildis í stjórn fyrirtækjanna bera fram eftirfarandi tillögu:

Stjórnir Haga, N1 og Eimskips samþykkja að ráðningasamningar við forstjóra fyrirtækjanna verði teknir til endurskoðunar þannig að samanlögð árslaun og hlunnindi fari ekki umfram 48 milljónir. Jafnframt verði ráðningasamningar annarra stjórnenda fyrirtækjanna teknir til endurskoðunar þar sem laun og hlunnindi þeirra verði innan hóflegra marka.“

Örn Pálsson fékk þessu næst orðið. Óskaði hann til hamingju með góðan árangur í ávöxtun eigna sjóðsins á árinu. Gat hann þess að ástæða tillögunnar væri ákveðið aðhald og að hann hafi borið fram sambærilega tillögu áður, sem þá tók til eins fyrirtækis, og var vísað til stjórnar. Gerði hann frekari grein fyrir tillögunni. Í hluthafastefnu Gildis-lífeyrissjóðs segir m.a. um starfskjör og starfskjarastefnu: „Við ákvörðun launa forstjóra telur Gildi-lífeyrissjóður rétt að líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á.“

Eignarhlutur Gildis lífeyrissjóðs í Högum er 12,95%, 9,22% í N1 og 9,42% í Eimskip. Samkvæmt ársskýrslu Haga 28. febrúar 2017 voru árslaun og hlunnindi forstjóra 76,6 milljónir rekstrarárið 1. mars 2016 – 28. febrúar 2017, um 6,4 milljónir á mánuði, árslaun forstjóra N1 árið 2017, 70,5 milljónir, um 5,9 milljónir á mánuði og forstjóra Eimskips árið 2017, 102,6 milljónir um 8,5 milljónir á mánuði. Óumdeilt að mati Arnar slík ofurlaun rúmist ekki innan siðlegra marka hjá eigendum Gildis lífeyrissjóðs. Lagði hann áherslu á að tillagan yrði samþykkt og benti á að forstjóri stærstu matvörukeðju Noregs væri með 74 milljónir króna í árslaun en hagnaður væri 32 milljarðar króna. Laun á Íslandi væru úr öllum takti við þetta.

Árni Guðmundsson fékk orðið. Gat hann þess í upphafi að Gildi ætti ekki tiltekna fulltrúa í stjórnnum atvinnufyrirtækja í samræmi við hluthafastefnu sjóðsins. Einstaklingar væru studdir til framboðs ef þeir styrktu viðkomandi stjórn og væri í því samhengi lögð áhersla á samsetningu. Ekki væri heldur neinum fyrirætlum komið á framfæri til einstakra stjórnarmanna. Samskipti fara fram við stjórn og við stjórnarformann hverju sinni sem fulltrúa hennar. Varðandi starfskjarastefnur tók Árni fram að Gildi hafi staðið framarlega í umræðu og umfjöllun um þær m.a. með tillögugerð og málflutningi á aðalfundum hlutafélaga. Þetta væri málefni sem tæki tíma og árangur náist með áframhaldandi aðhaldi. Gildi greiddi atkvæði gegn starfskjarastefnum N1 og Eimskip á aðalfundum félaganna og lagðar voru fram bókanir. Gerði Árni grein fyrir þeirri bókun sem lögð var fram á aðalfundi Eimskips. Þar er því m.a. beint til stjórnar félagsins að rökstyðja starfskjör stjórnenda og fjárhæð þeirra, þ.m.t. breytilega launaliði, og upplýsa nánar um það með hvaða hætti heildarlaun stjórnenda væru mótuð og við hvaða samanburð þau miðuðu. Árni benti á að ekki væri hægt að beina fyrirætlum til fulltrúa sjóðsins í stjórnnum þar sem slíkur aðili væri ekki til staðar og ekki væri hægt að samþykkja tillöguna eins og hún væri lögð fram af þeim sökum.

Þorfinnur Kristjánsson fékk orðið. Hann taldi þetta græðgisvæðingu og taldi ótrúlegt að sjóðurinn mætti ekki hafa eigin stjórnarmenn, þá yrðu fjármunir sjóðsins án hirðis innan fyrirtækjanna. Taldi þetta ekki nógu gott og að sjóðurinn væri að fara sömu leið og 2007.

Örn Pálsson fékk aftur orðið. Skoraði hann á fulltrúa á fundinum að taka undir tillöguna. Varðandi fulltrúa í stjórn þá væri það vissulega rétt að ekki væru ákveðnir fulltrúar sjóðsins í stjórnnum, en ekki ætti að styðja einstaklinga nema þeir trúu sannfæringu sjóðsins. Ef það væri ólöglegt að hafa samband við einstaka stjórnarmenn óskaði hann nánari skýringa á því. Þetta væri forsenda þess að ná árangri og ættu lífeyrissjóðir um helming í þessum félögum.

Halldór Benjamín Þorbergsson fékk orðið. Tók hann undir málflutning framkvæmdastjóra. Ekki væri hægt að líta framhjá því að sjóðurinn ætti ekki ákveðinn fulltrúa í stjórnnum fyrirtækjanna, því væri óframkvæmanleiki í tillögunni. Tillagan gangi gegn góðum stjórnarháttum og bagalegt að leggja í slíka

MMW
Allg

vegferð. Sjóðurinn ætti ekki að haga sér þannig að fyrirmælum sé beint til einstakra stjórnarmanna. Þetta væri hættuleg vegferð og lagði Halldór til að tillagan yrði felld.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs og lauk umræðum. Fundarstjóri gekk til atkvæðagreiðslu. Tillagan var felld með öllum greiddum atkvæðum gegn sjö.

- b. Ályktunartillaga Arnar Pálssonar um sameiginlegan stýrihóp um erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi ályktunartillögu Arnar Pálssonar, sem barst innan tilskilinna fresta:

„Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs 2018 ályktar að stjórn sjóðsins óski nú þegar eftir viðræðum við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóð verslunarmanna og Birtu lífeyrissjóð um stofnun sameiginlegs stýrihóps sjóðanna um erlendar fjárfestingar. Hlutverk hans yrði að móta sameiginlega stefnu um og hafa umsjón með þeim að öllu leyti.“

Örn Pálsson fékk þessu næst orðið. Gerði hann grein fyrir tillögunni og greinargerð með henni. Fjárfestingar erlendis væru gríðarlega áhættusamar. Tillögunni væri ætlað að sameina þekkingu og krafta sjóðanna við fjárfestingar erlendis. Þá væri henni einnig ætlað að draga úr umsýslukostnaði sjóðanna við erlendar fjárfestingar sem nema milljörðum á ári hverju. Mætti í því sambandi nefna að í ársskýrslu Gildis 2017 væri umsýslukostnaður við erlendar fjárfestingar áætlaður 943 milljónir. Örn nefndi að umsýslukostnaður lífeyrissjóða við erlendar fjárfestingar væru 3,8 milljarðar króna og 1,2 milljarðar króna við innlendar. Væri hann sannfærður um að ef sjóðirnir stæðu saman myndi nást bæði betri ávöxtun og hagkvæmari rekstur.

Árni Guðmundsson fékk orðið. Tók hann fram að tillagan væri ekki ný af nálinni. Áður hefur komið fram að Gildi hefur unnið markvisst að því að ná niður kostnaði hjá umsýsluaðilum og hefur það borið árangur. Dró hann í efa að meiri árangur myndi nást í þeim efnunum ef samstarf væri meðal sjóða. Þá yrði að hafa í huga að eðli lífeyrissjóða væri misjafnt og einnig skuldbindingar. Ef mynda ætti einn vettvangur fyrir sameiginlegar ákvarðanir myndi það kalla á umtalsvert samráð. Sjóðirnir væru sjálfstæðir í fjárfestingum og myndi þetta draga úr því sjálfstæði. Fjárfestingar yrðu einsleitar og áhættudreifing minni í lífeyriskerfinu.

Örn Pálsson fékk aftur orðið. Benti hann á að kostnaður sjóða væri mjög misjafn, t.d. milli Gildis, Lífeyrissjóðs verslunarmanna og LSR. LSR hafi sem dæmi greitt um 100 milljónir króna í innlendan umsýslukostnað en Gildi 400 milljónir króna. Hins vegar hafi kostnaður við erlendar fjárfestingar verið svipaður hjá þeim öllum. Væri hann sannfærður um að hægt væri að ná fram hagræðingu. Tillagan gangi út á að þetta verði kannað og þyrfti það ekki að leiða til þess að af þessu yrði, en mikilvægt væri að málefnið yrði skoðað og komist til botns í því.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs og lauk umræðum. Fundarstjóri gekk til atkvæðagreiðslu. Tillagan var felld með öllum greiddum atkvæðum gegn þremur.

- c. Ályktunartillaga Jónas Trausta Halldórssonar um ráðstöfun á hagnaði sjóðsins.

Fundarstjóri leitaði eftir því hvort Jón Trausti Halldórsson væri viðstaddur til þess að flytja tillögu sína þess efnis að hagnaður sjóðsins yrði nýttur til þess að hækka ellilífeyrisgreiðslur í 800.000 krónur á


MMW
ALG

mánuði. Flutningsmaður reyndist ekki vera viðstaddur. Þar sem flutningsmaður var ekki viðstaddur taldi fundarstjóri tillöguna ekki vera tæka til afgreiðslu og var hún því ekki tekin til frekari meðferðar á fundinum.


Fundarstjóri lét þess einnig getið að fyrirspurn hefði borist frá Jóhanni Páli Símonarsyni til stjórnar sjóðsins en Jóhann Páll var ekki staddur á fundinum til þess að flytja hana. Upplýsti fundarstjóri að fyrirspurn hans yrði svarað með bréfi til hans.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og þar sem dagskrá fundarins var tæmd gaf fundarstjóri **formanni stjórnar** orðið sem þakkaði fyrir góðar umræður og sleit fundi kl. 18:40.

Með atkvæðisrétt á fundinum sátu 54 fulltrúar, þar af 33 fulltrúar launamanna og 21 fulltrúi atvinnurekenda. Fjöldi fundarmanna í heild var um 90 manns.



Magnús M. Norðdahl
fundarstjóri



Árni Hrafn Gunnarsson
fundarritari